

aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðis-  
bærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. **70**

30. marz

28. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

29. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðar-  
ráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarð-  
ræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febr. 1946, um  
jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist  
til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. marz 1949.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## AUGLÝSING

71

um að Keflavík verði sérstakt skipaskráningarumdæmi.

20. maí

Ráðuneytið hefur ákveðið, að framvegis verði Keflavík sérstakt skipaskrán-  
ingarumdæmi og fái umdæmisbókstafina KE.

*Fjármálaráðuneytið, 20. maí 1949.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingibjargar Geir-  
þrúðar (Stellu) Guðmundsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-  
málaráðherra 23. maí 1949. **72**

23. maí

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Geirþrúðar (Stellu) Guðmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Geirþrúðar (Stellu) Guðmunds-  
dóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Ingibjörgu Geirþrúði (Stellu) Guð-  
mundsdóttir af foreldrum hennar Guðmundi Péturssyni kaupmanni og konu hans  
Þorgerði Bogadóttur.

Stofnfé sjóðsins er 10 000 krónur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda sjúklinga í Sjúkrahúsi Ísafjarðar, og skulu þeir ganga fyrir, sem mestir eru einstæðingar eða af öðrum ástæðum mest hjálparþurfi að álitu sjúkrahússlæknis og yfirhjúkrunarkonu.

## 3. gr.

## 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á tryggilegan hátt.

## 5. gr.

Vaxtatekjur sjóðsins skal fyrst í stað leggja við höfuðstólinn. Gefendur hafa ákveðið að leggja fram árlega 500 kr. til úthlutunar meðan þeim endist líf og heilsa og eru þess umkomin, og má ekki skerða sjóðinn eða vaxtatekjurnar meðan það verður.

Þegar gefendur hætta að leggja fram þetta framlag, má verja  $\frac{3}{4}$  af tekjum sjóðsins til styrkveitinga árlega, en  $\frac{1}{4}$  skal leggjast við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 25 þús. kr. má verja  $\frac{1}{2}$  teknanna til styrkveitinga.

## 6. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 26. janúar ár hvert, en þessi dagur er afmælisdagur Stellu. Fyrsta úthlutunin fór fram 26. janúar 1949.

## 7. gr.

Styrkveitingum úr sjóðnum má aldrei verja til annars en persónulegra þarfa styrkþeganna, t. d. má ekki nota þær til greiðslu daggjalda eða annars kostnaðar við sjúkrahússdvölinu, né greiðslu annarra skulda.

## 8. gr.

Sjóðnum stjórna yfirlæknir Sjúkrahúss Ísafjarðar og yfirhjúkrunarkona. Enn fremur Guðmundur Pétursson meðan hans nýtur við, en eftir hans dag tekur sóknarprestur Ísafjarðar sæti í stjórninni.

Störf stjórnarinnar eru:

1. að sjá um að sjóðurinn sé ávallt geymdur á tryggum stað,
  2. að stuðla að því, að afla sjóðnum tekna með því að kynna hlutverk hans,
  3. að skrá í bók reikninga sjóðsins og allar ákvarðanir um sjóðinn og starfrækslu hans,
  4. að sjá um að skipulagsskránni verði framfylgt.
- Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.  
Reikninga sjóðsins ber að endurskoða árlega.

## 9. gr.

Leita skal stjórnarstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. apríl 1949.

Þorgerður Bogadóttir.

Guðmundur Pétursson.